



17. október 2012

Niðurstöður vettvangsathugunar vegna útgáfu sértryggðra skuldabréfa Íslandsbanka hf.

Fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt skoðun á utanumhaldi Íslandsbanka hf. um útgáfu sértryggðra skuldabréfa í samræmi við 8. og 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og XIII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið veitti Íslandsbanka hf. leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa þann 30. september 2011. Leyfi bankans var háð alls átta skilyrðum sem Fjármálaeftirlitið setti. Auk þess þarf útgáfa bankans að uppfylla lög nr. 11/2008 og reglur nr. 528/2008 um sértryggð skuldabréf. Í samræmi við lög um sértryggð skuldabréf skipaði bankinn sjálfstæðan skoðunarmann til að hafa eftirlit með útgáfunni og tryggingasafni útgáfunnar.

Skoðunin var framkvæmd með vettvangsheimsóknum og gagnaöflun á starfsstöðvum bankans auk viðtala við sjálfstæðan skoðunarmann með útgáfunni. Niðurstöður athugunarinnar eru byggðar á gögnum og upplýsingum sem aflað var vegna hennar og miðast við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athugunin fór fram.

Með vísan til framangreinds er niðurstaða Fjármálaeftirlitsins sú að bankinn uppfylli þær kröfur sem til útgáfunnar eru gerðar. Fjármálaeftirlitið telur þó æskilegt að bankinn auki sjálfvirkni í upplýsingakerfum sínum og einfaldi með því utanumhald sitt og útreikninga álagsprófa.

Í samræmi við 9. gr. a. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins birtir stofnunin hér með opinberlega niðurstöðu nefndrar athugunar.